

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar

DANSSÝNING

Árleg danssýning skólans verður föstudaginn 17.janúar kl 12.30–13.30 í íþróttahúsi skólans. Skóla lýkur að lokinni sýningu. Okkur langar til þess að hvetja nemendur til að mæta í betri fötunum. Allir velkomnir!

SKÓLAPÚLSINN

Nemendur í 2.–5. bekk og helmingur nemenda í 6.–10. bekk tóku Skólapúlsinn í lok október. Niðurstöðurnar voru að mestu leyti mjög ánægjulegar. Ánægja af lestri í 2.–5. bekk mældist á eða yfir landsmeðaltali í öllum bekkjum nema einum. Í 3. bekk mældist munurinn marktækt yfir landsmeðaltali. Liðurinn ánægja með skólann mældist marktækt yfir landsmeðaltali og vellíðan í skólanum er yfir landsmeðaltali en þó ekki marktækt. Tveir bekkir voru marktækt yfir landsmeðaltali með vellíðan í skólanum.

Niðurstöður í 6.–10. bekk gefa til kynna að nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar líði almennt vel og koma þeir mjög vel út á yfirþættinum líðan og heilsa. Má þar helst nefna að nemendur mælast marktækt yfir landsmeðaltali á undirþáttunum stjórn á eigin lífi og vellíðan. Þátturinn sjálfsálit er töluvert yfir meðaltali en þó ekki marktækt. Tíðni eineltis mælist einnig marktækt undir landsmeðaltali. Hvað varðar skóla- og bekkjaranda þá mælist þátturinn samsömun við nemendahópinn marktækt yfir meðaltali en aðrir þættir eins og agi í tímum, samband nemenda við kennara og virk þátttaka í tímum á meðaltali. Þættir sem snúa að náminu koma einnig ágætlega út og eru þættir eins og ánægja af lestri, ánægja af stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og þrautseigja í námi allir á landsmeðaltali en trú á eigin námsgetu mælist marktækt yfir landsmeðaltali.

Seinni helmingur nemenda í 6.–10. bekk mun taka Skólapúlsinn í vor. Á næsta leyti er svo foreldrakönnun Skólapúlsins þar sem foreldrar eru valdir af handahófi til að svara. Könnunin mun fara fram í febrúar og hvetjum við foreldra sem fá beiðni um að svara að gera það því við þurfum 80% svarhlutfall til að fá niðurstöður.

LEYFI OG VEIKINDI

Veikindi, leyfi og fjarvistir nemenda

Skólaganga nemenda er á ábyrgð foreldra og forráðamanna sbr. m.a. 19. grein grunnskólalaga. Þessir aðilar bera ábyrgð á að nemandinn mæti í skóla samkvæmt stundaskrá með þau gögn sem hann þarf að nota.

Veikindi

Foreldrum og forráðamönnum ber að tilkynna veikindi barns á hverjum degi sem veikindin standa. Foreldrar og forráðamenn geta skráð veikindaforföll barna sinna á eigin aðgangssvæði á mentor.is. Tíð veikindi nemenda geta leitt til þess að leitað verði eftir frekari skýringum og leiðum til úrbóta. Slíkt er gert í samráði við og undir stjórn skólahjúkrunarfræðings. Ef barn er veikt í einhvern tíma verða foreldrar og forráðamenn að meta hvort það getur lært í veikindunum og nálgast þeir þá námsefni handa barni sínu. Sé um langvarandi veikindi eða sjúkráhúslegu að ræða eru málin leyst í samvinnu heimilis og skóla.

Sérstaklega er áriðandi að nemendur í dreifbýli láti bílstjóra vita um forföll svo ekki sé um óþarfa akstur að ræða.

Leyfi

Foreldrar og forsjáraðilar geta sótt um leyfi fyrir 1 – 2 daga símleiðis til umsjónarkennara eða skólastjórnenda. Öll leyfi eru á ábyrgð forsjáraðila og skuli þeir sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á leyfi stendur. Skólanum er ekki skylt að gera sérstakar ráðstafanir vegna leyfa. Sé óskað eftir leyfi fyrir nemanda í 3 daga eða lengur skal sótt um það á sérstöku eyðublaði sem er að finna á heimasíðu skólans. Hafa ber í huga að skólaganga er fullt starf sem krefst einbeitingar og góðrar mætingar.

SKÓLASÓKNARKERFI GRUNNSKÓLANS

Þrep 1 (5 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 5 forfalladaga, sendir umsjónarkennari bréf til foreldra í gegnum mentor (Ástundun - bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra.

Þrep 2 (10 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 10 forfalladaga, sendir umsjónarkennari aftur bréf til foreldra í gegnum mentor (Ástundun – bréf til foreldra) og ræðir síðan við foreldra. En ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 3 (15 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 15 forfalladaga, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í Nemendaverndarráði ef þörf þykir.

Þrep 4 (20 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 20 forfalladaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fulltrúum Nemendaverndarráðs (s.s. hjúkrunarfræðing, nám sráðgjafa).

Þrep 5 (30 veikinda- og / eða leyfis dagar)

Ef nemandi er með fleiri en 30 forfalladaga greinir skólastjórnandi Nemendaverndarráði skólans frá skólasókn nemandans sem tilkynnir síðan til Barnaverndar og félagsþjónustu Hornafjarðar og boðar tilkynningafund ef þörf þykir.
